



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Alþingi
Erindi nr. P 130/190
komudagur 19.11.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18.11.2003


Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt með síðari breytingum, 6. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt með síðari breytingum, 6. mál.

Markmið frumvarpsins er að lækka virðisaukaskatt af matvælum úr 14% í 7%.

Matvæli eru einn stærsti útgjaldaliður heimilanna í landinu og líklega stærsti einstaki útgjaldaliður þeirra heimila sem lægstar hafa tekjurnar. Að mati Alþýðusambands Íslands er því mikilvægt að lækka matarverð. Alþýðusambandið er því sammála umræddri tillögu og mælir með því að hún verði samþykkt. Alþýðusambandið vill þó benda á að umrædd breyting hefur í för með sér umtalsvert tekjutap fyrir ríkissjóð. Því þarf að huga sérstaklega að því hvenær heppilegt sé að umrædd tillaga komi til framkvæmda.

F.h. Alþýðusambands Íslands


Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ